

líf og list



Umsjón: Gunnar Salvarsson

Látið vel af ÞURSABITI

Hinn íslenski Þursaflokkur - Þursabít Fálkinn FA 010

Hinn íslenski Þursaflokkur er sérstæður að því leyti að liðsmenn hans sækja sér efnivið og innblástur aftur í aldir. Og þeir leita ekki hófanna út um víðan völl heldur einblína á sögu sinnar eigin þjóðar, bæði hvað snertir ljóð og lög. Þetta er virðingarvert m.a. sökum þess að stór hluti þjóðarinnar hefur alist um við þá „þjóðlygi“ að við Íslendingar ættum enga tónlistarsögu. Fyrir vikið eru Þursar sérkennileg hljóm-sveit á íslenskan rokk-mælikvarða og bæði „ofvitar“ og „oddvitar“ íslenskrar rokk-tónlistar síðustu ára.

Sérkenni Þursaflokksins

myndi þó duga skammt ef ekki kæmi meira til, — og þetta „meira til“ hefur Þursaflokkurinn í talsverðum mæli. Hann hefur til að mynda áræði og þor til að takast á hendur það vandasama verkefni að blanda saman fornum íslenskum stefnum og rafmagnadri rokk-tónlist — og það sem mest er um vert, vit til að gera hugmyndina ekki að auðvirðilegri söluvöru.

tónlist



Gunnar Salvarsson skrifar um popp

Liðsmenn Þursaflokksins eru tónlistarmenn sem vilja láta taka sig alvarlega, það sýna báðar plötur þeirra til þessa. Á hinn bóginn hefur mér fundist gæta nokkurs rembings hjá Agli yfirþurs með flokk sinn, svona eitthvað í áttina við það þegar sæt stelpa veit af því að hún er snoppufrið. Þá er hættu á því að sjálfsgagnrýnin dofnir og listamansderringurinn taki yfirhöndina í formi oftúlkunar og



Þursaflokkurinn — „ofvitar“ og „oddvitar“ íslenskrar rokk-tónlistar. Vísism.: J.G.

aulaháttar. „Þursabít ber þó ekki einkenni þess nema ef vera skyldi að óverulegum hluta. Platan er virkilega haglega gerð og stórum betri en fyrsta platan, sem hafði þó enga áberandi ókosti. Raunar er mér til efs að íslensk hljóm-sveit hafi skilað af sér betri afurð til þessa. Þó ber þess að geta að í þessum efnunum er oft ólíku saman jafnað og niðurstaðan

því kannski ekki ávallt marktæk. Egill Ólafsson er „heilinn“ á bak við Þursaflokkinn án þess að rýrd sé kastað á getu eða hæfileika annarra liðsmanna með þessum orðum. Það er hann sem einkum hefur kafað í brunn þess gamla tíma sem speglast á plötunum, auk þess sem úrvinnsla efnisins, þ.á.m. útsetningar, hafa hvílt mest á herðum Egils. Styrkur Þursa-

flokksins liggur þó í liðsheildinni, þar sem veikan blett er ekki að finna. Það er því skarð fyrir skildi að Karl Sighvatsson hafi kvatt, en Lárus Grímsson mun væntanlega fylla það þó með öðrum hætti verði. Eg hef ekki nennu til þess að tíunda sérstaklega einstök lög en læt þakklæti fylgja með í lokin til Egils, Asgeir, Tómasar, Þóðar og Lárusar fyrir gott þursabít.



Sumarið 79.

Hlöðuball í Ölfusinu

„Sumarið 79“ legur af stað í landreisu um helgina og hefst hún með miklu hlöðuballi í Ölfusinu á föstudagskvöld. Félagar í „Sumarið 79“ eru Hljómsveit Hljómsveit Stefán P., sem leikur fyrir dansi, Júlíus Brjánsón og Randver Þorláksson, sem slá á léttari strengi, og Baldur Brjánsón, sem töfrar áhorfendur upp úr skónum. Hlöðuballið á föstudagskvöldið verður haldið í hlöðunni við bæinn Þórus aði í Ölfusi. Það hefst klukk n 21 og stendur fram eftir

nóttu. Að sögn Júlíusar Brjánsónar leggja þeir felagar töluverða áherslu á þetta hlöðuball. „Hér hefur ekki verið haldið hlöðuball árum saman og er það verr. Við höfum lagt mikið í þetta og ef tekst til gæti slíkt hlöðuball orðið árviss viðburður“, sagði Júlíus. Sætaferðir verða farnar frá Umferðarmidstöðinni og tjaldabstaða verður fyrir þá sem vilja gista.

— ATA

SUMAR A KJARVALSSTÖÐUM ÞRÍR HÓPAR LISTAMANNA SÝNA SAMTÍMIS

„Ég lýsi ánægju minni með þetta samstarf við listamenn og býð þá sérstaklega velkomna til þessa fundar“ sagði Sjöfn Sigurbjörnsdóttir formaður stjórnar Kjarvalsstaða þegar dagskrá sumarsins var kynnt á fundi með blaðamönnum og hlutaðeigandi listamönnum.

Sýningin verður opnuð á laugardaginn og mun kór Menntaskólans við Hamrahlíð syngja við það tækifæri, en stjórnandi kórsins Þorgerður Ignólfisdóttir er annar af tveimur fulltrúum listamanna í stjórn Kjarvalsstaða.

Sýningin nefnist „Sumar á Kjarvalsstöðum“ og munu þrjár hópar listamanna sýna þar verk sín. Enginn þessara þriggja hópa

hefur áður sýnt á Kjarvalsstöðum, en þeir eru Septem-hópurinn sem mun sýna í vestralsal, Galleri Langbrók í kaffistofu og göngum og Myndhöggvarafélagið setur upp sýningu umhverfis fimm listamenn. Í Septem-hópunum er sjö málarar og ein myndhöggvari, ellefu textil- og grafíklistamenn í Galleri Langbrók og fimmtán félagar úr Myndhöggvarafélaginu.

Í austursal verða sýnd verk eftir Jóhannes Kjarval sem eru í eigu Reykjavíkurborgar.

Reykjavíkuvika

Í undirbúningi er Reykjavíkuvika, sem á að standa dagana 13. — 19. ágúst, þar sem kynnt verða ýmsar stofnanir Reykjavíkurborgar. Í tengslum við þá kyn-

ingu verður meðal annars sett upp sýning frá þróunarstofnun á skipulagi þriggja hverfa í Reykjavík. Fyrirlestrar og umræðufundir eru ráðgerðir í tengslum við skipulagssýninguna og kynnisferðir í þessu tilteknu hverfi. Sýningin verður sett upp í fundarsal Kjarvalsstaða og fellur þannig inn í ramma sumarsýningarinnar.

Fleiri sýningar eru fyrirhugaðar á göngum hússins í haust. Þá hafa forráðamenn Kjarvalsstaða mikinn áhuga á því að auka þátt tulkandi lista í húsinu, og hefur verið rætt við tónlistarmenn, leiklistarfólk og fleiri um þau mál. Er þess að vænta að þær viðræður beri ávöxt í haust.

J.M.



Félagar úr Galleri Langbrók við kynningu á sumardagskrá Kjarvalsstaða.